



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um stöðu mála varðandi leikskólann Bakka

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 21. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Í minnisblaði sviðstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 21. september 2022, um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskólann Nes/Bakka, var vikið að þremur sviðsmyndum um hver gæti verið framtíðarnýting leikskólahúsnæðis sem hafi hýst leikskólann/leikskóladeildina Bakka frá haustinu 2003. Hver hefur verið þróun mála síðan minnisblaðið var ritað og hvaða sviðsmynd er núna talin líklegust að verði að veruleika.

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 5. desember 2022 og fundi borgarstjórnar 20. desember 2022 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að honum verði falið að leita leiða til að tryggja að húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, verði nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 2. janúar 2023. Framangreint felur í sér að frá og með 1. febrúar 2023 verði lögð niður starfsemi starfstöðvar leikskólans Ness að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík. Foreldrar barna sem eru í Bakka og þess óska fái nú þegar forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sem dæmi eru laus pláss í Ævintýraborg í Vogabyggð fyrir öll börn í Bakka. Ákvæði reglna um leikskólalátnustu um eins mánaðar uppsagnarfrest eigi ekki við um foreldra barna í Bakka sem færa börn sín í annan leikskóla. Á þetta við um fyrsta flutning barns frá Bakka en ekki við næstu flutninga þar á eftir.

Húsnæðinu að Bakkastöðum 77 sem áður hýsti starfsstöðina Bakka hefur verið skilað til eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Húsnæðið hefur nú verið auglýst til leigu fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Markmið Reykjavíkurborgar með útleigu húsnæðisins að Bakkastöðum 77 er að:

- Fjölga leikskólalássam í Reykjavík fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára.
- Tryggja rekstur leikskóla í Staðahverfi sem uppfyllir kröfur laga um leikskóla og reglna Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.



Reykjavíkurborg

- Fjölga valkostum foreldra um leikskólastarf sem styður við menntunarlegar áherslur þeirra.
- Allri starfsemi í húsinu verði hagað á þann veg sem hæfir húsnæði fyrir leikskóla. Fyllsta tillit sé tekið til þessa í innréttingum, tæknibúnaði, rekstri og umgengni.